

Reykjavík, 29. október 2010.

Úrskurður nr. 25/2010.

Í dag var hjá Tollstjóra kveðinn upp svofelldur

Ú R S K U R Ð U R

Kærandi: P.

Kæruefni: Synjun Tollstjóra um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af vélknúnu ökutæki sem flutt hefur verið úr landi.

I. Kæra

Með tölvupósti, dags. 2. apríl 2010, hefur E, f.h. P, kært skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 synjun Tollstjóra um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af ökutæki með fastnúmer X sem flutt var úr landi þann 24. desember 2009 með sendingu nr. E BRU 24 12 9 IS REY W002.

Kærandi krefst þess að ofangreind ákvörðun um synjun endurgreiðslu verði afturkölluð.

II. Málsmeðferð

Kærandi sótti hjá embætti Tollstjóra um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af bifreiðinni X, sem er af gerðinni Toyota Aygo, á þar til gerðu eyðublaði þann 15. desember 2009. Bifreiðin var flutt úr landi þann 24. desember 2009 með sendingu nr. E BRU 24 12 9 IS REY W002. Með bréfi Tollstjóra, dags. 12. janúar 2010 var kæranda tilkynnt um höfnun umsóknar um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts, byggt á því að bifreiðin hafi ekki verið afskráð fyrir 31. desember 2009 og skilyrði fyrir endurgreiðslu því ekki til staðar. Bifreiðin var afskráð hjá Umferðarstofu þann 21. janúar 2010. Ákvörðun Tollstjóra var kærð með tölvupósti, dags. 2. apríl 2010. Embætti Tollstjóra fór símleiðis fram á umboð til kæru og staðfestingu fyrir póstsendingu númeraplatna af bifreiðinni sem og afrit af skráningarskírteini í L sem barst Tollstjóra með tölvupósti þann 19. ágúst 2010. Lausleg þýðing á upplýsingum í skráningarskírteini barst með tölvupósti þann 17. september 2010. Kvittun fyrir póstsendingu er stimpluð þann 19. janúar 2010. Á skráningarskírteini fyrir bifreiðina kemur fram að hún er skráð hjá umferðaryfirvöldum L þann 20. janúar 2010.

III. Meginröksemdir kæranda

Kærandi byggir kröfu sína um endurgreiðslu á því að skilyrði fyrir endurgreiðslu vörugjalda og virðisaukaskatts hafi verið uppfyllt.

IV. Niðurstöður

Með lögum nr. 140/2008 bættust ný ákvæði til bráðabirgða við lög um vörugjald af bifreiðum nr. 29/1993 og lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Ákvæðin tóku gildi þann 15. desember 2008.

Samkvæmt þeim er heimilt að endurgreiða vörugjald og virðisaukaskatt af vélknúnum ökutækjum sem flutt eru úr landi. Heimild til endurgreiðslu gjaldanna gildi til og með 31. desember 2009 og annaðist Tollstjórinn í Reykjavík, nú Tollstjóri, endurgreiðsluna. Í reglugerð nr. 1144/2008 um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af ökutækjum sem flutt eru úr landi er að finna nánari útfærslu á bráðabirgðaákvæðunum. Ágreiningur í málinu snýst um hvort skilyrði laganna til endurgreiðslu séu uppfyllt.

Samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum til bráðabirgða er skilyrði endurgreiðslu að ökutækið hafi verið afskráð og flutt úr landi, sbr. einnig 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Í 2. tl. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að skilyrði fyrir endurgreiðslu sé að skráningarnúmer ökutækis skuli hafa verið afhent Umferðarstofu, ökutækið afskráð til nota hér á landi og fyrir liggja upplýsingar þar að lútandi við afgreiðslu umsóknar um endurgreiðslu hjá Tollstjóra. Reglan er því sú að bifreiðar skulu hafa verið afskráðar áður en þær voru sendar úr landi.

Bifreiðin var flutt úr landi þann 24. desember 2009. Bifreiðin var skráð í L þann 20. janúar 2010 og afskráð hjá Umferðarstofu þann 21. janúar 2010, um mánuði eftir að hún hafði verið flutt úr landi. Skilyrði fyrir endurgreiðslu skv. fyrrgreindum ákvæðum til bráðabirgða og ákvæðum reglugerðar nr. 1144/2008 voru því ekki uppfyllt. Ofangreindri umsókn um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts var því með réttu hafnað með vísan til ákvæðis XI í lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og ákvæði XIII til bráðabirgða í lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

ÚRSKURÐARORÐ

Embætti Tollstjóra úrskurðar samkvæmt 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 með síðari breytingum, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 1144/2008 um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af vélknúnum ökutækjum, að ákvörðun Tollstjóra, dags. 12. janúar 2010, um synjun umsóknar um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af bifreið með fastnúmer X sem flutt var úr landi þann 24. desember 2009 með sendingu nr. E BRU 24 12 9 IS REY W002, er staðfest.

Kæruréttur

Úrskurðinum er heimilt að skjóta til Ríkistollanefndar, Skúlagötu 57, Reykjavík, innan 60 daga frá póstlagningardegi bréfs þessa, sbr. 1. mgr. 118. gr. tollalaga, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 1144/2008.